

Kristín Ósk Matthíasdóttir
Þverá
451 Þverá Vatnsfirði

Akureyri, 22. september 2022
UST202204-021/S.R.B.
08.12.01

Ákvörðun um framlengingu á starfsleyfi - Kristín Ósk Matthíasdóttir

Vísað er til erindis Kristínar Ósk Matthíasdóttur sem barst Umhverfisstofnun 26. ágúst 2022 vegna umsóknar um framlengingu á starfsleyfi í Vatnsfirði, Vesturbyggð.

Kristín Ósk Matthíasdóttir sótti um endurnýjun á starfsleyfi 4. Apríl 2022, umsókn var metin fullnægjandi þann 17. ágúst þegar öllum gögnum hafði verið skilað inn.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fyrri starfsleyfi eldisstöðvarinnar í Vatnsfirði rann út 11. desember 2021 og mun því framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 11. desember 2022.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur